



**46. fundur skipulags- og byggingarnefndar Húnavatnshrepps
haldinn á Húnavöllum, 5. júlí 2019 og hófst hann kl. 11:00**

Fundinn sátu:

Fanney Magnúsdóttir, Ingibjörg Sigurðardóttir, Kristján Jónsson, Einar Kristján Jónsson og Þorgils Magnússon.

Fundargerð ritaði: Þorgils Magnússon,

Dagskrá:

1. Eyjafjörður - til kynningarvegna breytinga á svæðisskipulagi - 1906006

Til kynningar drög skipulagstillögu og umhverfisskýrslu vegna breytinga á svæðisskipulagi Eyjafjarðar 2012-2024, v. flutningslína raforku.

Nefndin gerir ekki athugasemd við drög tillögu og umhverfisskýrslu.

2. Stóra Giljá, land 2 - Umsókn um að setja niður gám - 1906005

Erindi frá Árdís G. Erlendsdóttur. Umsókn um að stöðuleyfi fyrir gám á lóðina Stóra Giljá - land 2, staðsettan skv. meðfylgjandi teikningu. Gáminn er ætlaður sem aðstöðuhús á landinu. Verður hann festur niður á forsteypta vegg. Stærð á Gámi: Lengd 6,06 m. Breidd 2,43 m. Samtals um 14,7m².

Nefndin samþykkir að veita stöðuleyfi til eins árs.

3. Vegagerðin - umsókn um framkvæmdaleyfi um efnisnám úr námum - 1906003

Erindi frá Vegagerðinni. Ósk um framkvæmdarleyfi vegna efnistöku úr eftirfarandi námum. 22616 Áfangafell, 21777 Syðri - Löngumýri og 22621 Lómatjarnarnámu. Meðfylgjandi eru loftmyndir og frekari skýringar frá vegagerðinni.

Nefndin samþykkir að veita Vegagerðinni framkvæmdarleyfi til efnistöku úr námunum við Syðri-Löngumýri og Lómatjarnanámu og námunni við Áfangafell. Skipulagsfulltrúa falið að gefa út framkvæmdarleyfi.

4. Orrastaðir - lóð - umsókn um niðurrif - 1906002

Erindi frá Sigurgeiri Þór Jónassyni, Óskað er eftir leyfi til niðurrifs á húsi og geymslu á lóðinni og sameina hana jörðinni Orrastöðum.

Nefndin frestar erindinu.

Handwritten signatures and initials: *bm*, *F.M*, *IS*, *K.J.*

**5. Deiliskipulag við Ströngukvísl - 1812002**

Tillaga að deiliskipulagi við Ströngukvísl tekin fyrir eftir auglýsingu. Engar athugasemdir bárust, en umsagnir bárust frá Minjastofnun, Umhverfisstofnun og Forsætisráðuneytinu.

Í umsögn frá Minjastofnun kemur fram að ein varða sé innan skipulagssvæðisins. Nefndin leggur til að hún verði merkt inn á uppdrátt og tilgreind í greinargerð. Í umsögn frá Forsætisráðuneytinu kemur fram að frágangur á skipulagssvæðinu skuli vera til fyrirmyndar og þess gætt að röskuð svæði séu mótuð í samræmi við landslag. Æskilegt er að form, útlit og litasamsetning mannvirkja verði í samræmi við aðliggjandi landslag og önnur mannvirki á svæðinu. Nefndin leggur til að tekið verði tillit athugasemda Forsætisráðuneytisins og þeim bætt inn í greinargerð. Í umsögn frá Umhverfisstofnun kemur fram að svæðið sé friðlýst sem friðlandi sem nefnist Guðlaugstungur, Svörtutungur og Álfeirstungur. Nefndin tekur undir sjónarmið Umhverfisstofnunar og leggur til að þeim sjónarmiðum sem fram koma í þeirra bréfi verði bætt við skipulagstillöguna


Nefndin samþykkir skipulagið með áorðnum breytingum og felur skipulagsfulltrú að ganga frá málinu skv. skipulagslögum.


6. Húnavallaskóli, gólfhiti - Umsókn tilkynnta framkvæmd. - 1907001


Erindi frá Húnavatnshreppi. Sótt er um leyfi til að fræsa gólfhita í kennslustofur nr 1-4 á kennslustofugangi. Meðfylgjandi er teikning gerð af Bjarna Þór Einarssyni hjá Ráðbarði sf. dags. 04.07.2019.

Erindið er samþykkt sem tilkynnt framkvæmd.


Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 12:15


Fanney Magnúsdóttir


Kristján Jónsson


Ingibjörg Sigurðardóttir


Einar Kristján Jónsson


Þorgils Magnússon